



# GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400  
www.grenivik.is

Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Grenivík 29. nóvember 2018.

Varðar Byggðakvóta 2018/2019, Tilv.: ANR18100033/11.02.07

Á fundi sínum í gær fjallaði sveitarstjórn Grýtubakkahrepps um úthlutun byggðakvóta fyrir kvótaárið 2018/2019. Eftirfarandi var bókað undir dagskrárlið nr. 3:

### „3. Byggðakvóti 2018/2019.

Með bréfi Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis dags. 23. nóv. 2018, er byggðakvóta fiskveiðiárið 2018/2019 úthlutað til Grýtubakkahrepps, samtals 29 þorskígildistonnum. Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:

9,67 tonnum, eða 1/3 hluta kvótans, skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.  
19,33 tonnum, eða 2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiárið 2018/2019.  
Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 685/2018.“

Ofangreindu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum,

  
Pröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri